

ÁRSSKÝRSLA 2007



Búum börnum betri heim



Barnaheill
Save the Children Iceland



Barnaheill

Save the Children Iceland

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum International Save the Children Alliance, en í þeim eru 28 landsfélög sem starfa í 120 löndum. Fyrstu samtök Barnaheilla, Save the Children voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og var stofnandi þeirra bresk kona að nafni Eglantyne Jebb. Samtökin vinna að breytingum á högum barna í gegnum talsmannahlutverk, fræðslustarf, grasrótarverkefni og neyðaraðstoð og eru helstu áherslur á barnavernd, heilbrigðismál og grunnmenntun. Helstu áherslur Barnaheilla hérlendis eru á barnavernd, baráttu gegn ofbeldi á börnum og á málefni barna innflytjenda. Helstu áherslur Barnaheilla á Íslandi erlendis eru á menntun barna og neyðaraðstoð.

Markmið:

Markmið Barnaheilla, Save the Children samtakanna er að berjast fyrir réttindum barna og að breyta lífi þeirra til batnaðar. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu þeirra starfi.

Framtíðarsýn:

Barnaheill - Save the Children vinna að því að skapa betri heim fyrir börn og ungmenni:

- Heim sem virðir og metur hvert barn
- Heim sem hlustar á börn og ungmenni og lærir af þeim
- Heim þar sem öll börn og ungmenni eiga von og njóta jafnra tækifæra

Efnisyfirlit

Frá formanni og framkvæmdastjóra	3
Innlent starf	5
Barátta gegn ofbeldi á börnum	5
Réttindi barna	7
Forvarnarstarf	8
Önnur verkefni	9
Innlent samstarf	10
Skýrsla – Stöðvum Barnaklám á Netinu	11
Report- Stop Child Pornography on the Internet	13
Erlent starf	15
Neyðaraðstoð	15
Bætum framtíð barna	16
Afganistan	17
Kambódía	17
Norður-Úganda	18
Síbería	19
Swaziland	20
Erlent samstarf	20
Tekjur og gjöld	21
Styrktaraðilar	22
Barnaheill 2007–2008	25
Þakkir	27

Frá formanni og framkvæmdastjóra

Barnaheill, Save the Children, voru stofnuð á Íslandi árið 1989 á sama tíma og Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna. En Barnaheill byggja starf sitt á grundvallaratriðum Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til fjölskyldu, heilsu, menntunar, þroska, öryggis, þátttöku og frelsis.

Barnaheill á Íslandi vinna að því að bæta hag barna bæði hérlendis og erlendis. Starf okkar innanlands á árinu 2007 beindist að vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi og þætti netsins í því sambandi og að standa vörð um réttindi barna. Helstu áherslur okkar erlendis eru á grunnmenntun barna og tókum við þátt í alþjóðlegu verkefni Barnaheilla, Save the Children, um að bæta framtíð barna í stríðshráðum löndum með gæðamenntun. Við styðjum einnig hjálparstarf alþjóðasamtaka Barnaheilla, Save the Children, á hamfarasvæðum. Alþjóðasamtökin hafa áratuga reynslu og þekkingu á því sviði og eru hagsmunir barna ávallt í fyrirrúmi í hjálparstarfinu. Verkefnum Barnaheilla á Íslandi á árinu 2007 eru gerð góð skil í skýrslu þessari.

Barnaheill eru nú í viðamikilli stefnumótunarvinnu og vinna að því að vaxa og stækka á komandi árum til að geta unnið í þágu fleiri barna. Framundan er stórt verkefni innanlands: að koma á fót barna- og unglíngalínu. Markmið hennar er að veita börnum og ungmennum á Íslandi aðgengi að síma- og netlínu þar sem þau geta á auðveldan hátt tjáð skoðanir sínar og líðan. Svörunin verður á íslensku og tungumálum fjölmennustu innflytjendahópa hér á landi. Með þessu framtaki vilja Barnaheill að rödd barna og unglínga heyrast betur og er ætlunin að nota upplýsingarnar til að bæta aðstæður

þeirra í íslensku samfélagi. Þetta viðamikla og brýna verkefni tengir í raun saman öll þau helstu mál sem Barnaheill hafa látið sig varða undanfarin ár.

Þar sem Barnaheill eru frjáls félagasamtök óháð stjórnvöldum byggja þau allt sitt á frjálsum framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Tekjur Barnaheilla jukust nokkuð á árinu 2007 miðað við árin á undan og þökkum við kærlega frábæran stuðning frá styrktaraðilum og velunnurum. Án þeirra væri starf okkar ekki mögulegt.



Hildur Petersen
formaður



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri



Innlent starf

Barnaheill hafa frá stofnun lagt megináherslu á starf innanlands, á réttindi barna, barnavernd, heilbrigðismál og baráttu gegn ofbeldi á börnum. Á árinu 2007 tóku Barnaheill ákvörðun um að koma á fót barna- og unglíngalínu og er unnið að undirbúningi hennar árið 2008. Þar munu börn og unglíngar hafa tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og leita svara við ýmsum málum er snerta þau og verður sím- og netsvörun á íslensku og tungumálum fjölmennustu innflytjendahópa. Með þessu vilja Barnaheill að raddir barna og unglínga heyrast betur í íslensku samfélagi, en samkvæmt 12. og 13. grein Barnasáttmálans eiga þau rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og sjónarmið og að leita sér upplýsinga. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu starfsemi Barnaheilla innanlands árið 2007.

Barátta gegn ofbeldi á börnum

Samkvæmt 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Samkvæmt 34. grein sáttmálans eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði.

Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Barnaheill hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlega samstarfsverkefningu *Stöðvum barnaklám á Netinu*. Verkefnið er styrkt af Safer Internet samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er markmið þess að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi á börnum og að hafa áhrif á breytingar þar að lútandi. Sjá nánar á bls. 11.

Síun á ólöglegu efni á Netinu

Barnaheill eiga í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjóra, Póst- og fjarskiptastofnun og stærstu netþjónustuaðila á Íslandi um að koma á síun á landsvísi á ólöglegu efni á Netinu sem sýnir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sjá nánar á bls. 12.



Arnaldur Halldórsson

Þorsteinn J. Vilhjálmsson var fundarstjóri ráðstefnu Barnaheilla.



Arnaldur Halldórsson

Gestir á ráðstefnu.

Ráðstefna Barnaheilla

Þann 11. október héldu Barnaheill ráðstefnu undir yfirskriftinni *Ný tækni – sama sagan, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*. Nærri 100 manns sóttu ráðstefnuna. Helstu niðurstöður voru þær að brýnt sé að auka og bæta forvarnir og fræðslu til foreldra, barna/unglinga og faghópa, að bæta löggjöf á þessu sviði, m.a. varðandi tælingu á Netinu, og að þyngja refsingar. Sjá nánar á bls 12.

Úttekt Barnaheilla á kennslu í háskólum

Sumarið 2007 gerðu Barnaheill úttekt á því hvernig fagstéttir séu undir það búnar í námi sínu að vinna að vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Úttektin náði til allra háskóla landsins og Lögregluskóla ríkisins. Sjá nánar á bls. 12.

Börn utan kerfis

Á árinu 2007 könnuðu Barnaheill hvort hér á landi væru börn og unglingar af erlendum uppruna sem væru án þjónustu og skólagöngu. Í upplýsingum frá Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytinu kom fram að dvalarleyfi barna væru alltaf gefin út í tengslum við foreldri og Útlendingastofnun hefði ekki sérstakt eftirlit með börnunum, heldur eingöngu í tengslum við foreldra. Ef barn er ekki komið með dvalarleyfi, þá er það ekki heldur komið með kennitölu og er því ekki í skóla. Ef barn og foreldri eru hér á útrunnu leyfi og hafa ekki sótt um aftur fara þau út af þjóðskrá þar sem þau eiga að vera farin af landinu. Hins vegar er ekki fylgst sérstaklega með því hvort þau yfirgefi landið.

Barnaheill funduðu í framhaldinu með fulltrúum Alþjóðahúss, Barnaverndarstofu, dómsmálaráðuneyti, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossi Íslands, Útlendingastofnun og þjónustumiðstöð Mið-

borgar og Hlíða til að athuga hvort ástæða væri til að taka þessi mál fastari tökum. Helstu niðurstöður voru að erfitt væri að ramma inn hinn raunverulega vanda. Eigi að síður væri mikilvægt að hver og ein stofnun og samtök áttuðu sig á hvað væri hægt að gera betur og hver bæri ábyrgð á hverju. Gera þyrfti ákveðnar breytingar á útlendingalöggjöf, auk þess að tryggja að upplýsingar kæmst til þeirra sem þyrftu á þeim að halda, auka samstarf á milli stofnana og vekja almenning til vitundar um þessi mál.

Mansal og gleymd börn

Barnaheill starfa náið með Evrópusamtökum Barnaheilla, Save the Children og þá sérstaklega varðandi vernd barna gegn ofbeldi og mansali. Evrópusamtök Barnaheilla leggja mikla áherslu á að finna börn sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi og myndir af þeim sýndar á Netinu, svo hægt sé að stöðva ofbeldið og veita börnunum tilhlýðilegan stuðning. Starfsmenn Barnaheilla funduðu m.a. með fulltrúum Ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra vegna þessa. Einnig beittu samtökin sér fyrir því á Evrópuvettvangi að ákvæði kæmist í nýjan samning Evrópuráðsins um að tryggðar yrðu samræmdar aðgerðir til að finna börnin. Sjá nánar á bls. 12.

Á hverju ári eru hundruð barna í Evrópu fórnarlömb mansals. Þau eru flutt á milli landa eða innan síns lands. Evrópusamtök Barnaheilla leggja áherslu á að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barni er fyrir bestu þegar upp kemst um mansal á börnum og að staða barnsins sem innflytjanda verði aukaatriði. Tryggja verður að börnin fái áfallahjálp og aðhlyningu og fái strax aðgang að allri þjónustu, þ.e. félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og skóla. Börn þurfa að fá sérstakan tilsjónarmann meðan málefni þeirra eru til athugunar og



barn skal aldrei sent til síns heimalands nema tryggjar aðstæður taki við því. Mikilvægt er að finna fjölskyldu barnsins án þess að stefna barninu eða fjölskyldu þess í hættu.

Barnaheill héldu opinn fund í desember um mansal á börnum í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem vinnur að aðgerðaáætlun gegn mansali, óskaði í byrjun árs 2008 eftir álitni Barnaheilla og hafa samtökin miðlað upplýsingum um vinnu og áherslur Evrópu-samtaka Barnaheilla í þessu samhengi.

Réttindi barna

Lagaumsagnir

Barnaheill senda reglulega inn umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp er varða málefni barna. Í umsögnum sínum leitast samtökin við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi.

Árið 2007 sendu samtökin inn umsagnir um eftirfarandi frumvörp:

- Frumvarp til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks. (135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 6 – 6. mál.)
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. feb. 1940. (kynferðisbrot). 20. mál.
- Frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18, 2. nóv. 1992. (7. mál.)
- Frumvarp til laga um breytingu á alm. hgl., 184. mál, upptaka eign, hryðjuverk, mansal o.fl.

Umsagnir um eftirtalin frumvörp voru sendar til Alþingis í byrjun árs 2008:

- Frumvarp um tillögu til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru sem beint er að börnum, 47. mál.
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla. (135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 320 – 268. mál.)
- Frumvarp til laga um grunnskóla. (135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 319 – 285. mál.)
- Frumvarp til laga um leikskóla. (135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 321 – 287. mál.)
- Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum. (135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 159 – 149 mál.)

Barnaheill voru boðuð fyrir Allsherjarnefnd Alþingis í byrjun árs 2007 til að fylgja eftir umsögn sinni um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. feb. 1940 (kynferðisbrot). Barnaheill lögðu áherslu á: Hækkun samræðisaldurs í 16 ár; breytingar á reglum um fyrningu sakar; að kynferðisbrot gagnvart börnum væri alltaf nauðgun vegna aðstöðumunar; nauðsyn á meðferð fyrir unga gerendur; nýja skilgreiningu á kynferðislegu áreitni, m.a. að kynferðisleg skilaboð á spjallrásum væru skilgreind sem kynferðislegt áreiti.

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem foreldrar og aðrir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Allmargir leituðu til samtakanna á síðasta ári og voru flestar fyrirspurnir um lögfræðileg álitaefni. Málin voru af ýmsum toga, s.s. forsjármál, umgengnismál og réttindamál ásamt almennum fyrirspurnum um mál er varða börn.



Frá viðurkenningu Barnaheilla.



Arnaldur Halldórsson

Gegn mismunun á öllum skólastigum

Barnaheill studdu verkefnið „Gegn mismunun á öllum skólastigum“. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Menntaskólans á Akureyri og skóla-deildar Akureyrarbæjar og miðar það að uppbyggingu móðurskóla í mannréttindum og lýðræði.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnaheill vinna á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa hann að leiðarljósi í starfi sínu. Þessi sáttmáli, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn, var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 en var fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992. Sáttmálinn felur í sér skuldbindingu samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu.



Barnaheill hafa undanfarin ár gefið út Barnasáttmálann í stuttri og myndskreyttri útgáfu m.a. til dreifingar í skóla. Á árinu 2007 hófst samvinna Barnaheilla, Umboðsmanns barna, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnunar um kynningu á Barnasáttmálanum og réttindum barna. Unnið er að gerð veggspjalda sem verður dreift í grunnskóla og víðar. Veggspjöldin verða gefin út í maí 2008.

Unnið er að gerð veggspjalda sem verður dreift í grunnskóla og víðar. Veggspjöldin verða gefin út í maí 2008.

Viðurkenning Barnaheilla

Barnaheill veita árlega viðurkenningu til einstaklinga eða stofnana fyrir sérstakt framlag í þágu barna. Viðurkenningin er veitt á afmælisdegi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 20. nóvember. Árið 2007 hlutu viðurkenninguna leikstjórar þriggja kvikmynda, þau Guðný Halldórsdóttir fyrir kvikmyndina *Veðramót*, Ragnar Bragason fyrir kvikmyndina *Börn* og þeir Berg-

steinn Björgúlfsson og Ari Alexander Ergis Magnússon fyrir kvikmyndina *Syndir feðranna*. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í Iðnó. Petrína Ásgeirsdóttir og Árni Geir Pálsson stýrðu athöfninni. Sigmundur Freysteinsson og Valgarður Ívarsson, nemendur í tónlistarskólanum DoReMí, spiluðu á gítar. Árni Páll Árnason, Björk Sigurjónsdóttir, Karitas Ólafsdóttir og Orri Steinar Steingrímsson afhentu verðlaunin. Barnaheill þakka þeim kærlega fyrir þeirra framlag.

Að mati Barnaheilla taka fyrrnefndar kvikmyndir á viðkvæmum málum sem snerta börn, réttindi þeirra og aðbúnað. Þær vekja upp áleitnar spurningar um samfélag okkar og varpa ljósi á afleitar aðstæður barna og áhrifin sem ofbeldi getur haft á líf þeirra. Í Barnasáttmálanum er kveðið á um réttindi barna til að alast upp við góð skilyrði, hvort sem er hjá foreldrum eða öðrum og um rétt þeirra á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu.

Forvarnarstarf

SAMAN-hópurinn.

Barnaheill eiga aðild að SAMAN-hópnum, en hópurinn er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka og stofnana sem láta sig varða velferð barna. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, einkum í kringum ákveðna atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna.

SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna sinna. Lögð er áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum



Matthías Ásgeirsson

áfengi og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur. Jafnframt er beint til foreldra að virða reglur um útvistartíma og þeim bent á þær hættur sem eftirlit-slaus partí, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setja börn þeirra í.

Hópurinn lét töluvert að sér kveða á árinu, m.a. í kringum lok samræmdu prófanna, 17. júní, fyrstu helgina í júlí, um verslunarmannahelgina, á menningarnótt og um áramótin. Hópurinn var með sumarverkefni „Fjölskyldan saman með börnin í fókus“ og gaf út póstkort og auglýsingaveggspjald í tengslum við það.

Hópurinn fékk íslensku Lýðheilsuverðlaunin 2007 og var tilnefndur til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í byrjun árs 2008. Sjá www.samanhopurinn.is

Útgáfustarf

Einn liður í fræðslu- og forvarnarverkefni samtakanna um vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum



er útgáfa bókarinnar *Þetta er líkaminn minn*. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman um ofbeldi á opinn og óþvingaðan hátt. Barnaheill eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni og á árinu 2007 fóru tæplega 3.000 bækur til barna víða um land.

Barnaheill gefa einnig út plakat þar sem vakin er atvægni á slyshættum í umhverfi barna. Heilsugæslustöðvar sjá um dreifingu á plakatinu og á árinu voru send um 2.200 plaköt til barna um allt land.

Önnur verkefni

Meðferðarheimilið að Geldingalæk

Barnaheill eiga húsnaði meðferðarheimilins að Geldingalæk í Rangárvallasýslu. Barnaverndarstofa er umsjónaraðili heimilisins en það er ætlað börnum á aldrinum 8–14 ára sem þurfa langtímaaðstoð vegna hegðunar- og/eða geðraskana.

Í lok árs 2007 tóku Barnaheill þátt í árlegu jólasöfnunarárætti Sparisjóðsins, en Sparisjóðurinn ákvað að styrkja félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglunga með geðraskanir og mun framlagið renna í endurbætur á húsnaði og lóð Geldingalæks.

Íbúðir

Barnaheill eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni en Barnaspítali Hringins hefur umsjón með notkun þeirra. Íbúðirnar eru á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Á árinu 2007 voru 253 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er 71% nýting og 218 dvalardagar á Rauðarárstíg sem er 61% nýting.

Á árinu 2007 stóðu Barnaheill og Barnaspítali Hringins að endurbótum á íbúðunum. Önnur íbúðin var sérstaklega tekin í gegn og var m.a. skipt út húsgögnum og öðrum búnaði. Einnig var hugað að öryggisatriðum íbúðanna og slökkvitækjum, reykskynjurum og eldvarnarteppum komið fyrir á aðgengilegan hátt.

Eftirtaldir aðilar veittu Barnaheillum lið við endurbæturnar: *Svefn og Heilsa, Húsgagnahöllin, Z-brautir og gluggatjöld, Tryggingamiðstöðin og JPV bókaútgáfa.*



Innlent samstarf

Barnaheill eiga í víðtæku samstarfi hérlendis við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna. Þeir aðilar sem Barnaheill áttu samstarf við á árinu og upplýsingar hafa komið fram um annars staðar í þessari skýrslu eru: Barnaverndarstofa, Barnaspítali Hringins, UNICEF, Umboðsmaður barna, heilsugæslustöðvar víða um land, SAMAN-hópurinn, Ríkislögreglustjóri, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og stærstu netþjónustuaðilar á Íslandi. Barnaheill eiga fulltrúa í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í nóvember og desember tóku Barnaheill þátt í 16 daga átaki félagasamtaka og stofnana gegn kynbundnu ofbeldi. Yfirskrift átakins var *Krefjumst réttinda í raun – stöðvum ofbeldi gegn konum*.

Barnaheill eiga í samstarfi við önnur íslensk mannúðarsamtök og vinnur hópurinn að því að styrkja hlutverk þeirra og sýnileika í íslenskri þróunarsamvinnu. Í

honum eru, auk Barnaheilla, ABC barnahjálpi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), SOS barnaþorp, UNICEF og UNIFEM. Hélt hópurinn málþing á árinu um þátt félagasamtaka í þróunarsamvinnu.

Árið 2007 hófst formllegt samstarf við SAFT-verkefni Heimilis og skóla og við Póst- og fjarskiptastofnun um að koma á fót hjálparlínu fyrir börn og foreldra um ráðgjöf varðandi ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu. Sjá nánar á bls. 13.

Í upphafi árs 2008 hófst starf starfshóps vegna aðgerðaráætlunar félagsmálaráðuneytisins í tengslum við nýjan samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðislegu ofbeldi. Voru fulltrúar Barnaheilla boðaðir á fundi starfshópsins.

Barnaheill leituðu eftir upplýsingum frá Ungmennaráði Hafnarfjarðar um viðhorf unglunga til að verjast hættum á Netinu og ráðgjöf vegna umsagnar um lagafrumvarp.



Jóhann Pétur Reyndal



Jóhann Pétur Reyndal



Barnaheill – Save the Children á Íslandi Evrópuverkefnið Stöðvum barnaklám á Netinu! Skýrsla ársins 2007

Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er alvarlegt alþjóðlegt vandamál og alvarlegt brot á réttindum barna. Örar tæknilegar framfarir hafa orðið til þess að brotamenn geta hæglega nýtt sér tæknina til vinnslu og framleiðslu myndefnis sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Slík myndbirting felur alltaf í sér ofbeldi á börnum. Gerð slíkra mynda felur í sér kynferðislegt ofbeldi gegn barni og í hvert sinn sem mynd er skoðuð er verið að halda ofbeldinu gegn barninu áfram þó svo að engin bein líkamleg snerting eigi sér stað. Að skoða klámfengnar myndir af börnum er ólöglegt athæfi. Erfiðleikum er bundið að útrýma efni af Netinu og sannað er að vitneskja barns um mynd af því á Netinu veldur því ómældu hugarangri og miska. Netið hefur ótvíræða kosti en því miður hefur það sínar dökku hliðar og þar ber einna hæst aukna möguleika kynferðisafbrotamanna á að stunda iðju sína óáreittr. Jafnvel þó að erfitt verði að útrýma slíku á Netinu með öllu getum við eigi að síður gert allt sem í okkar valdi stendur til að sporna við því. Ef baráttan einkennist af oflugri alþjóðastarfsemi og góðri samvinnu fagaðila á landsvísi er hægt að ná góðum árangri. Virkt eftirlit með myndefni á Netinu, sem sýnir börn á kynferðislegan hátt, og þátttaka almennings í slíku eftirliti er ekki síður mikilvægt.

Markmið verkefnisins

Barnaheill hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlega samstarfsverkefninu *Stöðvum barnaklám á Netinu*. Safer Internet samstarfsáætlun ESB hefur styrkt verkefnið að hluta til, en markmið áætlunarinnar er að stuðla að öryggi og vinna gegn ólöglegu og hættulegu efni á Netinu.

Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustufyrirtækja, barnaverndaryfirvalda og fleiri hlutaðeigandi aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi á börnum og að þrýsta á að íslensk stjórnvöld axli ábyrgð í þessum málaflökki hérlendis og á alþjóðavettvangi. Samstarf við þessa aðila er því mikilvægur þáttur í verkefninu.

Kjarni verkefnisins er Ábendingalína sem var formlega opnuð 30. október 2001. Á vef Barnaheilla www.barnaheill.is er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar og nálgast upplýsingar um málefnið. Einnig er hægt að senda ábendingar með tölvupósti á abending@barnaheill.is. Við hvetjum fólk til að láta vita með því að senda inn ábendingu í hvert sinn sem það verður vart við efni á Netinu sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Barnaheill eiga í samstarfi við embætti Ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og netþjónustufyrirtæki á Íslandi. Meginmarkmið samstarfsins er að samræma starfs hætti við ábendingar og að finna nýjar leiðir í baráttunni gegn kynferðislegu og klámfengnu netefni með börnum. Fundað var reglulega á árinu með þessum aðilum.


INHOPE

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt til að ná árangri í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og myndbirtingum þar að lútandi þar sem Netið er án landamæra. Árið 2001 gerðust Barnaheill meðlimir í alþjóðasamtökunum INHOPE www.inhope.org sem eru regnhlífásamtök ábendingalína. Nú eiga 30 ábendingalínur í 27 löndum aðild að samtökunum.

Samstarf innan alþjóðasamtakanna felst í því að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og styðja hvert annað í baráttunni. Sérhver ábendingalína er svo í samstarfi við lögreglu og netþjónustufyrirtæki í sínu landi. INHOPE fundir eru haldnir tvisvar til þrisvar á ári.

Fjöldi ábendinga


Á þeim rúmlega sex árum sem ábendingalína Barnaheilla hefur verið starfrækt hafa borist alls 3.833 ábendingar, eða að meðaltali um 53 á mánuði. Í heildina hafa 1.244 ábendinganna talist vera kynferðislegt eða klámfengið efni af barni, eða um að meðaltali 17 á mánuði. Það eru rúmlega 32% tilvika. Þetta hlutfall var lágt til að byrja með, var t.d 25% árið 2002, en jókst fram til ársins 2006 í rúmlega 55%. Árið 2007 var hlutfallið rúm 50%.



Árið 2007 bárust alls 308 ábendingar. Frá árinu 2005 hefur ábendingum fækkað, en hlutfall ábendinga þar sem um er að ræða kynferðislegt eða klámfengið efni að ræða hefur aukist.

Hvað verður um ábendingarnar?

Þegar ábending berst, og starfsfólk Barnaheilla hefur metið það svo að um kynferðislegt og klámfengið efni af barni sé að ræða, er fundið út með sérstökum hugbúnaði hvar efnið er vistað. Ef efnið er vistað á Íslandi er ábendingin send til alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra sem hefur rannsókn á málinu. Ef efnið er vistað erlendis, og landið er samstarfsaðili innan INHOPE samtakanna, er ábendingin send þangað, annars til Ríkislögreglustjóra.



Frá upphafi hafa 66% ábendinga sem borist hafa um barnaklám verið sendar áfram til samstarfsaðila erlendis og í 34% tilvika hafa ábendingarnar verið sendar til Ríkislögreglustjóra. Ef ástæða hefur þótt til hafa ábendingar verið sendar til beggia aðila.

Evrópusamtök Barnaheilla

Barnaheill starfa náið með Evrópusamtökum Barnaheilla – Save the Children sem m.a. vinna að því að bæta aðstæður barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi á Netinu. Gagnagrunnur INTERPOL, sem hefur verið í notkun frá árinu 2001, hefur að geyma yfir 500.000 myndir sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum. Hins vegar eru aðeins fyrirbyggjandi upplýsingar um að 500 þessara barna hafi fundist og fengið nauðsynlegan stuðning. Evrópusamtök Barnaheilla – Save the Children vinna að því að vekja athygli á nauðsyn þess að finna börnin og að veita þeim tilhlýðilegan stuðning. Á árinu 2007 beittu fulltrúar Evrópusamtaka Barnaheilla sér ötullega fyrir því að í nýjum samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðislegu ofbeldi, yrði ákvæði um að hvert ríki gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að finna börnin og sjá til þess að þau fengju viðeigandi stuðning og að tryggðar yrðu samræmdar aðgerðir á alþjóðlegum vettvangi. Starfsmenn Barnaheilla funduðu tvisvar sinnum með Braga Guðbrandssyni forstjóra Barnaverndarstofu vegna þessa en hann var, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, í sérfræðinganeind sem vann drög að samningnum. Samningur Evrópuráðsins var lagður fram til undirritunar fyrir aðildarríkin í október og í 30. grein samningsins 5. lið er að finna ákvæði um skyldur ríkja til að finna börnin sem beitt eru ofbeldi og sýndar eru myndir af á Netinu.

Síun á ólöglegu efni á Netinu

Barnaheill beita sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísu á ólöglegu efni á Netinu þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi og sýndar kynferðislegan og klámfengin hátt. Samtökin telja síun mikilvægan lið í því að berjast gegn kynferðislegu og landamæralausu ofbeldi á börnum á Netinu. Hagur barna er hafður að leiðarljósi, sem og sá veruleiki að dreifing á slíku efni er ólögleg samkvæmt íslenskum lögum. Starfsmenn Barnaheilla funduðu nokkrum sinnum á árinu 2007 með fulltrúum netþjónustufyrirtækja, Póst- og fjarskiptastofnunar og embættis Ríkislögreglustjóra, og sýndu þeir áhuga á málinu. Einnig áttu starfsmenn fund með dómsmálaráðherra vegna þessa. Embætti Ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið munu taka ákvörðun um framhaldið.

Ráðstefnan Ný tækni – sama sagan, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Í tengslum við verkefnið héldu Barnaheill ráðstefnu 11. október 2007 í Norræna húsinu. Ráðstefnan bar yfirskriftina Ný tækni – sama sagan, *kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*. Nærri 100 manns sóttu ráðstefnuna. Fjallað var um þátt nýrrar tækni í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, m.a. hvernig brotamenn nota Netið, um brotaferlið sjálft, tengsl milli barnsins og brotamannsins, hvaða börn séu mest berskjölduð fyrir ofbeldinu og af hverju börn segja ekki frá. Einnig hvaða leiðir séu færar til að finna börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og myndir af þeim birtar á Netinu. Fyrirlesarar voru dr. Ethel Quayle, kennari við Cork háskóla á Írlandi, Elizabeth Skogrand, verkefnastjóri hjá Barnaheillum í Noregi, Vernon Jones, verkefnastjóri hjá Barnaheillum í Danmörku, Terry Jones, rannsóknarlögreglumaður hjá CEOP í Bretlandi, Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðingur hjá Barnahúsi, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, aðstoðarríkislögreglustjóri og Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla. Fundarstjóri var Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Helstu niðurstöður ráðstefnunnar eru að brýnt sé að auka og bæta forvarnir og fræðslu til foreldra, barna og unglunga og

faghópa, að bæta löggjöf á þessu sviði, m.a. varðandi tælingu á netinu, og að þyngra refsingar.

Styrktaraðilar ráðstefnunnar voru Evrópusambandið, dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, *Microsoft á Íslandi, Icelandair, Hilton Reykjavík Nordica, Athygli, Norræna húsið, Gestamóttakan og Blómaval*.

Úttekt Barnaheilla á menntun fagstétta um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Sumarið 2007 gerðu Barnaheill úttekt á því hvernig íslenskir háskólar standa að menntun um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi fyrir þær stéttir sem vinna með börn eða að mállefnum þeirra. Fagfólk á fyrrnefndum sviðum er í lykilhlutverki varðandi forvarnir og fræðslu á þessu sviði, þekkingu á einkennum barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, meðferð og stuðning við börnin og foreldra þeirra og jafnframt um meðferðarúrræði og refsingu fyrir gerendur. Góður undirbúningur í námi hlýtur að vera ein af undirstöðum þess að vel takist til í vinnu fagfólks, börnum og samfélaginu til heilla. Verkefnið fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og verkið vann Valgarður Reynisson undir leiðsögn Margrétar Júlíu Rafnsdóttur og Ránar Ingvarsdóttur, starfsmanna Barnaheilla. Athugunin náði til Háskóla Íslands (félagsvísindadeild, guðfræðideild, hjúkrunarfræðideild, lagadeild og læknadeild), Háskólans í Reykjavík (lagadeild og kennslufræði- og lýðheilsudeild), Háskólans á Akureyri (heilbrigðisdeild, kennaradeild og félagsvísinda- og lagadeild), Kennara Háskóla Íslands (kennarabráut, þroskaþjálf- og tómsundabraut og heilsubráut), Háskólans á Bifröst (lagadeild) svo og Lögregluskóla ríkisins. Skoðaðar voru kennsluskrár og námskeiðslýsingar ásamt því að viðtöl voru tekin við skorarformenn, brautastjóra og kennara.

Alls fjalla 32 námskeið í íslenskum háskólum að einhverju leyti um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Í sumum námskeiðanna er fjallað um málið í einni kennslustund, á meðan í öðrum er málið tekið fyrir út frá heildstæðri sýn og í tengslum við barnavernd. Félagsráðgjafaskor HÍ er sú námsbraut sem fjallar mest um barnavernd og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Úttektin leiddi í ljós skort á heildstæðri stefnu innan íslenskra háskóla um kennslu í barnavernd og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Ýmsar námsbrautir háskólanna fjalla lítið sem ekkert um málefnið í sínu grunnnámi, heldur einungis í framhaldsnámi eða í valáföngum. Því geta nemendur útskrifast úr námi og farið að vinna með börnum eða að mállefnum þeirra án þess að hafa fengið fræðslu um barnavernd. Svo virðist sem það fari að miklu leyti eftir áhuga kennara hvort og hvernig er fjallað um málefnið. Barnaheill telja mikilvægt að fagaðilar stilli saman strengi, heildstæð stefna sé mörkuð í kennslu um barnavernd innan háskólastofnana og rannsóknir verði eflaðar á þessu sviði. Einnig þarf að huga að símenntun um málefnið fyrir starfandi stéttir.

Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar á ráðstefnu Barnaheilla í október, með grein í Morgunblaðinu 4. desember, með kynningarfundum í Reykjavík í desember í tengslum við 16 daga áttak gegn kynbundnu ofbeldi og með kynningarfundum á Akureyri. Skýrslan var einnig send viðkomandi háskólum og fundað hefur verið með stjórnendum HA og Kennaraháskóla Íslands þegar þessi orð eru skrifuð. Á fundunum kom fram mikill vilji til að móta stefnu og bæta fræðslu um barnavernd, þ.á m. um vernd barna gegn kynferðislegu of-

beldi. Stefnt er að því á árinu 2008 að ná fundum með stjórnendum allra háskólanna sem úttektin náði til. Hægt er að nálgast skýrsluna á skrifstofu Barnaheilla eða á www.barnaheill.is

Netsvar.is – hjálparvefur um netnotkun

Vefurinn www.netsvar.is er samstarfsverkefni Barnaheilla, SAFT verkefni Heimilis og skóla, Póst- og fjarskiptastofnunar. Markmiðið með vefnum er að efla vitund almennings um öryggi í netnotkun og stuðla að jákvæðri og ánægjulegri netnotkun. Vefurinn var opnaður formlega fyrir almenna notkun í nóvember. Hægt er að komast inn á vefinn á heimasíðu Barnaheilla með því að smella á hnappinn Netsvar á síðunni.

www.netsvar.is er lifandi vefur þar sem almenningi gefst kostur á að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist öryggi í netnotkun og fá svör frá sérfræðingum. Vefurinn er efnisflokkadur og nú þegar eru þar miklar og aðgengilegar upplýsingar fyrir almenning sem sífellt verður bætt við.

Annað

Margir höfðu samband við Barnaheill á árinu til þess að kynna sér starf Barnaheilla um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi, m.a. nemendur í framhaldsskólum og háskólum. Einnig sýndu fjölmiðlar málefnið töluverðan áhuga.

Á árinu 2007 var verkefnið styrkt af: *Evrópusambandinu, dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Akureyri, Reykjanesbæ, Seltjarnarnesbæ, Athygli, Microsoft á Íslandi, Icelandair, IKEA, Landsbankinn og styrktarfélagum Barnaheilla.*

Frá árinu 2003 hafa eftirtaldir styrkt verkefnið:



Evrópusambandið



Félagsmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



Internet Hotline Providers

Dómsmálaráðuneyti

Akureyri

Kópavogsbær

Reykjanesbær

Seltjarnarnesbær

Dalvíkurbyggð

Ólafsfjarðarkaupstaður

Fljótsdalshreppur

Hvítársíðuhreppur

Sveitarfélagið Ölfus

Öxarfjarðarhreppur

Athygli

Icelandair

IKEA

Landsbankinn

Microsoft Ísland

Opin Kerfi

Síminn

Vodafone

Styrktarfélagar Barnaheilla

Barnaheill þakka þeim kærlega fyrir að hafa lagt góðu málefni lið.



Barnaheill – Save the Children Iceland The European project *Stop child pornography on the Internet!* Annual Report 2007

Project objectives

Since 2001, Save the Children Iceland has participated in the international project, *Stop child pornography on the Internet*. The EU's Safer Internet programme, which aims to promote safer use of the Internet and works against illegal and dangerous content, has provided support to the project. The current agreement became effective on 1 September 2006 and runs through 31. August 2008.

The project's objective is to draw the attention of the public, police, legislators, Internet service providers, child protection authorities and other concerned parties to the part played by the Internet in sexual violence against children, and to lobby the Icelandic government to accept its obligations in this area regarding both Iceland and the international community. Cooperation among these parties is a critical aspect of the project. The core of the project is the Hotline, which was formally opened on 30 October 2001.

Save the Children Iceland works in cooperation with the Office of the National Commissioner of the Icelandic Police, Capital Area Police and Internet Service Providers in Iceland. The primary objective of the work is to coordinate work procedures regarding Hotline reports, and to develop new methods in the battle against sexual and pornographic content involving children on the Net. Meetings were held regularly in 2007 with these parties.

INHOPE


International cooperation is necessary to achieve results in the battle against sexual violence against children, and the subsequent distribution of images, as the Internet is without borders. In 2001, Save the Children Iceland became a member of the international organisation INHOPE www.inhope.org, an international association of Internet Hotlines. Thirty Hotlines in 27 countries are currently members of the organisation.

Cooperation within international organisations focuses on expanding knowledge and sharing experiences, and providing support. Each Hotline works with the police and Internet Service Providers in their own country.

Reports

Since Save the Children Iceland's Hotline began over six years ago, 3,833 reports have been submitted, an average of 53 per month. Of these, 1,244 reports have reported websites containing sexual or pornographic content involving children, about 17 per month or just over 32% of all instances. This ratio was low at first, for example only 25%

in 2002, but it grew to over 55% in 2006. In 2007, the ratio was just over 50%.



Reports Child pornography

In 2007, there were 308 reports. Since 2005, the number has declined, but the ratio of reports involving sexual or pornographic content has increased.

From the start, 66% of reports reporting child pornography have been forwarded to cooperative partners abroad, while 34% have been sent to the National Commissioner's Office. Due to their nature, some reports have been sent to both parties.

Save the Children Europe Group

Save the Children Iceland operates closely with Save the Children Europe Group that, works to improve conditions for children who have suffered sexual abuse on the Net. The database at INTERPOL, which has been operational since 2001, contains over 500,000 images depicting sexual violence against more than 20,000 children. However, according to available data, only about 500 of these children have been found and given the appropriate help. Save the Children Europe Group works at drawing attention to the necessity of finding and helping these children. In 2007, representatives from Save the Children Europe Group worked vigorously to ensure that the Council of Europe's new convention to protect children from sexual abuse and sexual violence included a clause, which stated that each country take the necessary measures to find children and make certain that they receive the appropriate support, as well as ensure that actions in the international arena be coordinated. The Council of Europe's convention was submitted for signatures by member nations in October. A clause in Article 30 paragraph 5 of the convention states a country's obligation in finding children who have suffered violence and whose images are depicted on the Net.

Blocking illegal content on the Net

Save the Children Iceland is working to initiate a nationwide blocking on illegal Net content where children suffer sexual violence and are depicted in a sexual and pornographic way. The organisation considers blocking an important element in fighting sexual and borderless violence against children on the Net. The focus of this effort is child welfare, but in addition, the reality is that the distribution of such content is illegal according to Icelandic law.

Conference New technology – same story, sexual violence against children

In connection with the project, Save the Children Iceland held a conference titled *New technology - same story, sexual violence against children* on 11 October 2007. Close to 100 people attended. Discussion centred on the part played by new technology in sexual violence against children, i.e. how perpetrators use the Net, the violation itself, the connection between the child and the perpetrator, which children are most vulnerable to violence, why children do not talk about

the abuse, and what methods are available to find children who have suffered sexual violence and whose images are on the Net.

The main conclusions of the conference were that it was urgent to provide more and better information regarding child protection to parents, children/teenagers and professional groups, improve legislation in this field, for example regarding child grooming on the Net, and hand down heavier sentences.

Evaluation by Save the Children Iceland on the education of professionals concerning sexual violence against children

In the summer of 2007, Save the Children Iceland conducted an evaluation on how the education of those professions who work with children, or on matters relating to them, are conducted in Icelandic universities in regards to protecting children against sexual violence. Solid preparation in school must be one of the primary foundations ensuring the success of professionals in their work for children and society.

A total of 32 courses in Icelandic universities directly discuss to some degree child protection against sexual violence. Some courses discussed the subject in a single class-hour, while others delved deeper, looking closely at the integral parts of child protection. The Faculty of Social Sciences at the University of Iceland offers the course of study that most discusses child protection and the protection of children against sexual violence. The role of new technologies related to sexual abuse of children was not present in any of the courses.

Netsvar.is

Netsvar.is – a site providing help in using the Net
The website www.netsvar.is is a partnership project that includes Save the Children Iceland, SAFT and the Post and Telecom Administration. The objective of the website is to empower children and parents to enjoy the Internet in a safe and positive way. The site formally opened to the public in November. www.netsvar.is is a place where people have the opportunity to submit questions about anything relating to Internet usage and receive answers from professionals. The site is divided into categories containing large amounts of user-friendly information that is regularly updated. The EU's Safer Internet program supports this work.

Additional information

Many people contacted Save the Children Iceland during the year to become acquainted with its work concerning child protection against sexual violence, for example students in colleges and universities. Furthermore, the media showed considerable interest in the subject.





Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi í erlendum verkefnum eru á neyðaraðstoð og grunnmenntun barna. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum sem Barnaheill á Íslandi studdu erlendis á árinu 2007.

Neyðaraðstoð

Alþjóðasamtök Barnaheilla, Save the Children, hafa áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í meira en 100 löndum eru þau oftast til staðar á svæðum þar sem hamfarir verða og geta því brugðist fljótt og fagmannlega við neyð í viðkomandi löndum. Í hjálparstarfinu gæta Barnaheill sérstaklega að hagsmunum og réttindum barna, en það er reynsla þeirra að börn þurfi sérstaka vernd á tímum hamfara. Barnaheill, Save the Children, leggja áherslu á að grunnmenntun barna verði hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand hefur ríkt í langan tíma.



Frá fundi alþjóðlegs neyðarteymis Barnaheilla í Reykjavík. F.v. Don Palladino, Petrína Ásgeirsdóttir, Toby Porter, Sarah Tyler, Jonas Lindholm, Sonia Wallman og Rudy Von Bernuth.

Á ársfundi alþjóðasamtaka Barnaheilla árið 2007 var ákveðið að neyðaraðstoð yrði ein af meginstöðum í alþjóðlegu starfi samtakanna. Í framhaldinu tók alþjóðlegt neyðarteymi samtakanna til starfa en í stýrihópi þess eru fulltrúar frá þeim landsfélögum Barnaheilla sem mesta þekkingu og reynslu hafa af að vinna að neyðaraðstoð á vettvangi og heyrir teymið undir Alþjóðaskrifstofu samtakanna. Stýrihópur alþjóðaneyðarteymisins hélt fund í Reykjavík 27.–29. júní þar sem til umræðu var skilvirk neyðaraðstoð og hvernig Barna-



heill, Save the Children, geti unnið enn betur að því að bæta aðstæður barna í neyð. Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla á Íslandi, tók þátt í fundinum.

Á árinu 2007 sendi neyðarteymi Barnaheilla, Save the Children út alþjóðlegar hjálparbeiðnir vegna flóða í Suður-Asíu í júlí, vegna jarðskjálfta í Perú í ágúst og vegna flóða í Norður-Kóreu í ágúst.

Nepal

Útanríkisráðuneytið veitti Barnaheillum fjögurra milljóna króna styrk vegna hjálparstarfs alþjóðasamtakanna á flóðasvæðum í Suður-Asíu. Alþjóðasamtökin sendu út ákall til landsfélaga sinna um allt að sex milljón dollara fjárstuðning (410 milljónir IKR) til að bregðast við þeirri miklu neyð sem skapaðist á flóðasvæðum í Nepal, Bangladesh, Pakistan og Indlandi í júlí og ágúst. Framlag Barnaheilla á Íslandi fór til uppbyggingarstarfs í Nepal. Þar eyðilögðust 15.000 heimili og tugir manna fórust og samgöngur og fjarskipti rofnuðu. Fyrsta hjálp Barnaheilla, Save the Children, fólst í því að dreifa mat og öðrum nauðsynjum. Í kjölfarið unnu samtökin að því að aðstoða heimamenn við að endurbyggja skóla, leikskóla, heilsugæslustöðvar og drykkjarvatnskerfi. Þá vinna samtökin að því að aðstoða fólk á flóðasvæðum til að byggja upp akuryrkju að nýju til að tryggja lífsviðurværi.

Sri Lanka

Í desember 2007 voru þrjú ár liðin frá flóðbylgjunni við Indlandshaf, sem kostaði tugþúsundir manna lífið á öðrum degi jóla árið 2004. Líf milljóna barna og fjölskyldna breyttist á svipstundu og þremur árum síðar eru börn og fullorðnir enn að byggja upp líf sitt. Hjálparstarf alþjóðasamtaka Barnaheilla, í kjölfar flóðbylgju-

unnar, var það umfangsmesta í sögu samtakanna og halda þau áfram uppbyggingu á svæðunum og hafa gert áætlun til fimm ára um að styrkja samfélögin þar. Barnaheill á Íslandi lögðu rúmlega 21 milljón króna í hjálparstarfið á Sri Lanka og kom stærsti hluti þess frá söfnun meðal landsmanna.

Jarðskjálftarnir og flóðbylgjan í kjölfar þeirra eru stærstu náttúruhamfarir í sögu Sri Lanka. Hamfarirnar höfðu áhrif á líf og aðstæður tugþúsunda manna, margir týndu lífi og fjölmargir misstu allt sitt. Inn í þessar hamfarir blandast einnig átök sem staðið hafa í landinu í 20 ár og hafa skapað neyð meðal margra barna og fullorðinna í landinu í fjölda ára. Helstu áherslur Barnaheilla, Save the Children, í uppbyggingarstarfinu á Sri Lanka eru á barnavernd, menntun og lífsviðurværi.



Barnaheill Bætum framtíð barna
Save the Children Iceland

Bætum framtíð barna

Alþjóðaverkefni Barnaheilla, Save the Children, Bætum framtíð barna (e. Rewrite the Future) hófst árið 2005. Markmið þess er þrjúþætt:

Í fyrsta lagi vinna alþjóðasamtök Barnaheilla að því að bæta líf átta milljón barna í 20 stríðshrjádum löndum fyrir árið 2010 með gæðamenntun. Þetta gera samtökin með því að byggja skóla, þjálfra kennara, búa til námsgögn og virkja stjórnvöld, börn, foreldra og nærsamfélög þeirra. Í lok ársins 2007 höfðu samtökin náð að bæta menntun meira en fimm milljón barna og í þeim hópi eru tæplega milljón börn sem ekki höfðu áður að-



gang að menntun. Alls þurfa samtökin um 450 milljarða Bandaríkjadala (um 35 milljarða IKR) á alþjóðavísu til þessa verkefnis. Barnaheill á Íslandi styðja verkefni í Afganistan, Kambódíu og Norður-Úganda.

Í öðru lagi vinna samtökin að því að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á aðstæðum barna í stríðshrjáðum löndum og nauðsyn þess að setja meira fjármagn í menntun þeirra. Um 37 milljónir barna í stríðshrjáðum löndum eru án menntunar.

Í þriðja lagi beita alþjóðasamtök Barnaheilla sér fyrir því að menntun barna verði hluti af neyðaraðstoð. Ekki síst vegna þess að í fjölmörgum löndum þar sem átök eru í gangi er miklu fé varið til neyðaraðstoðar svo árum skiptir og því er mikilvægt að neyðaraðstoðin feli í sér skólagöngu fyrir börn.

Alþjóðasamtök Barnaheilla gáfu út á árinu 2007 skýrsluna „Last in Line, Last in School“. Þar kemur fram að ríkustu þjóðir heims veita frekar stuðning til menntunar barna í löndum þar sem ríkir stöðugleiki en í löndum þar sem átök ríkja eða hafa ríkt. Áætlað er að árlega þurfi um 430 milljarða IKR til að veita öllum börnum í stríðshrjáðum löndum gæðamenntun. Það jafngildir 1.000 kr á mánuði á hvert barn. Í skýrslunni kemur fram að aðeins 18% af heildarframlagi 20 ríkustu þjóða heims til menntunar í fátækum löndum fer í menntun barna í stríðshrjáðum löndum, þrátt fyrir að í þeim löndum búi um helmingur þeirra barna í heiminum sem eru án skólagöngu. Þannig eru börn í stríðshrjáðum löndum skilin eftir með litla von um að brjótast úr vítahring fátæktar og átaka. Tölur um menntunarframlög eru byggðar á upplýsingum frá DAC, þróunarsamvinnunefnd OECD. Þar sem Ísland á ekki aðild að DAC, eru ekki upplýsingar um íslensk framlög í skýrsl-

unni. Skýrslan var kynnt alþjóðastofnunum og stjórnvöldum víða um heim, þ.á m. íslenskum stjórnvöldum.

Afganistan

Barnaheill lögðu 3,7 milljónir kr. á árinu 2007 til að bæta framtíð barna í Afganistan og veitti þáverandi utanríkisráðherra Barnaheillum 3,1 milljón króna vegna þess. Tilgangur verkefnisins er að skrifa og prenta barnabækur sem byggjast á frásagnarhefð og þjóðsögum Afganistan, en afgönsk börn hafa mjög takmarkaðan aðgang að lesefni og barnabókum. Bókunum er dreift til skóla og bókasafna í þremur héruðum, Kabul, Faryab og Sri-i Pul og njóta um 24 þúsund börn góðs af.


Kambódía

Í lok ársins 2007 lögðu Barnaheill um 3,6 milljónir kr. í menntaverkefni Barnaheilla, Save the Children í Kambódíu. Verkefnið nær til barna í Chom Kar Leu héraði í Kampong Cham sýslu í norðaustur Kambódíu, en um 30% barnanna á svæðinu eru ekki í skóla. Unnið er að því að byggja skóla, setja upp bókasafn, þjálfra kennara og leiðbeinendur og koma upp menntamiðstöðvum fyrir eldri börn sem ekki hafa lokið grunnskóla.

Í lok ársins 2006 lögðu Barnaheill fram átta milljónir króna í uppbyggingu á skólasterfi barna í Stoeung Trong héraði í Kampong Cham sýslu í Kambódíu. Fyrir það fé voru byggðir skólar í Veal Bompong og Otasek með allri nauðsynlegri aðstöðu Kennarar fengu þjálfun og haldnir voru fundir með foreldrum um mikilvægi menntunar fyrir börn þeirra. Vinnuhópar, barnaráð og skólaskipulagsnefndir voru sett á laggirnar til að efla þátttöku barna í skólasterfi og til að hvetja börn sem hafa verið án skólagöngu að skrá sig. Níu skólar fengu kennsluefni, s.s. orðabækur og sögubækur. Kennarar og



Petrína Ásgeirsdóttir



Madhuri Dass

foreldrar fengu fræðslu um varnir gegn fuglaflensu, malaríu og öðrum sjúkdómum. Foreldrar fengu þjálfun í að örva þroska barna sinna og að koma upp foreldra-reknu leikskólastarfi. Verkefnið bætti menntun tæplega 700 barna á grunnskólaaldri og 300 barna á leikskólaaldri í fátæku héraði í Kambódíu þar sem átök ríktu fram til ársins 2000.

Fyrir tilstilli Barnaheilla á Íslandi hafa um 900 börn á grunnskólaaldri fengið aðgang að góðu skólahúsnæði og um 300 börn á leikskólaaldri fengið aðgang að leikskólastarfi. Alls hafa um 23.000 börn notið góðs af uppbyggingarstarfi Barnaheilla á Íslandi í Kambódíu á einn eða annan hátt.

Miklu máli skiptir að virkja allt samfélagið til að verkefnið verði sjálfbær og Barnaheill í Kambódíu vinna náið með fræðslufirvöldum þar í landi. Ólæsi er mikið

í landinu og enn eru um 50 þúsund börn án skólagöngu í landinu og bæta þarf menntun hundruð þúsunda barna. Þörfin er því mikil og munu Barnaheill á Íslandi styðja uppbyggingu menntastarfs í Kambódíu næstu þrjú árin a.m.k. og stefna að því að leggja til árlega átta milljónir króna.

Norður-Úganda

Barnaheill lögðu rúmar sjö milljónir kr. í menntaverkefni í Norður-Úganda í lok ársins 2007. Stríðsátökin í Norður-Úganda sl. 20 ár hafa komið í veg fyrir menntun fjölda barna, og er ástandið einna verst í Pader héraði þar sem mikill fjöldi fólks hefur þurft að flýja heimili sín. Árið 2004 voru 63% af skólum í Norður-Úganda ekki lengur í notkun og u.þ.b. 500.000 börn sóttu skóla í miðstöðvum sem settar voru á fót fyrir börn flóttamanna. Hlutfall barna sem ljúka grunntun er lágt eða allt að 26% meðal stúlkna í Pader



Vettvangsheimsókn:
Petrína Ásgeirsdóttir
 framkvæmdatjóri Barnaheilla
 fór og heimsótti Kambódíu
 vorið 2008 til að fylgjast með
 uppbyggingarstarfinu þar.
 Þessi mynd er tekin í þorpinu
 Veal Bompong en þar hefur
 verið byggður skóli og
 skólastarf eftir fyrir tilstilli
 Barnaheilla á Íslandi.



héraði. Um 46,8% sex ára barna eru ekki innrituð í skóla og stórt hlutfall barna í öðrum aldurshópum sækir ekki skóla. Úttekt sem Barnaheill, Save the Children í Úganda og opinber starfshópur unnu að í sam- einingu á aðstæðum í Pader héraði leiddi í ljós mikla vöntun á viðunandi kennsluáðstöðu og hæfum kenn- urum.

Verkefnið sem Barnaheill á Íslandi styðja í Pader hér- aði miðar að því að auka skólaaðgang og bæta gæði menntunar 35.000 barna í 20 skólum í héraðinu fram til ársins 2010. Sérstök áhersla er lögð á: að ná til barna sem ekki eru í skóla og þá sérstaklega til stúlkna, að bæta kennsluáðferðir og kennsluumhverfi og að styðja menntayfirvöld í því að efling menntunar verði til þess að vernda börn á átakasvæðum gegn ofbeldi og mis- notkun. Barnaheill stefna á að leggja 15 milljónir kr. á ári í verkefnið frá 2008–2010.

Á árinu 2008 fengu Barnaheill 10 milljón króna styrk frá utanríkisráðuneytinu í verkefnið.

Síbería – skólahald

Frá árinu 2006 hafa Barnaheill, í samstarfi við sam- tökin Snowchange (www.snowchange.org), stutt menntun barna í hirðingjasamfélagi í byggðinni Nu- tendli í Yakutíu í norðaustur Síberíu. Þar er starfræktur skóli fyrir 7–12 ára börn sem fá kennslu á sínu eigin móðurmáli og fræðslu um eigin menningu. Ef skólinn væri ekki til staðar þyrftu börnin að fara á heimavist í rússneskum skóla fjarri heimahögum og yrðu þannig slitin úr tengslum við samfélag sitt og menningu. Rúss- neska ríkið greiðir laun kennara í skólanum en þörf er á meiri aðstoð í skólahaldið. Á árunum 2006 og 2007 lögðu Barnaheill samtals fram 1,2 milljónir króna í



Skólabörn í Nutendli í Síberíu. Barnaheill styðja við menntun barna þar.



verkefnið og var féð notað til að endurnýja hluta af námsefninu fyrir börnin, að endurnýja tæki í skól-
anum, þjálfa kennara, kaupa bíl og að greiða hita og rafmagn.

Swaziland

Barnaheill á Íslandi studdu systursamtök sín í Swazil-
andi með einni milljón króna á árinu. Barnaheill, Save
the Children í Swasilandi voru stofnuð árið 1962 og
eru ein af stærstu frjálsu félagasamtökunum í landinu.
Þau leggja m.a. áherslu á fræðslu um barnavernd og
vernd gegn útbreiðslu HIV, sinna matvælaaðstoð til
skóla og heimila í samvinnu við Matvælastofnun Sam-
einuðu þjóðanna (WFP) og veita stuðning börnum al-
næmissmitaðra og börnum sem hafa misst foreldra sína
úr alnæmi.

Erlent samstarf

Barnaheill á Íslandi vinna náið með alþjóðasamtökum

Barnaheilla, Save the Children í mótun stefnu og
starfshátta og með þeim systursamtökum sem stýra
verkefnum sem Barnaheill styðja. Árlega er haldinn
fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 28 til að
móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2007
var haldinn í Dómíníska Lýðveldinu í maí og sóttu
fundinn Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri og
Dögg Káradóttir stjórnarmaður Barnaheilla.

Barnaheill eru í samstarfi við Evrópusamtök Barna-
heilla, Save the Children, en aðild að þeim eiga Barna-
heill í Danmörku, Bretlandi, Finnlandi, Hollandi, Ís-
landi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni og Sví-
þjóð. Markmið samstarfsins er m.a. að hafa áhrif á lög-
gjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins
um málefni er varða réttindi og velferð barna.

Barnaheill eru í samstarfi við samtökin INHOPE í
tengslum við verkefnið „Stöðvum barnaklám á netinu“.
Samtökin eru regnhlífasamtök ábendingalína í Evrópu
og víðar. Sjá nánar á bls. 11.






Tekjur og gjöld


Heildartekjur Barnaheilla árið 2007 námu tæpum 92,3 milljónum króna, auk fjármunatekna að upphæð 3,5 milljónir króna.

Gjöld ársins voru um 75,2 milljónir króna. Tekjur umfram gjöld að teknu tilliti til fjármunatekna, fjármagnsgjalda og afskrifta voru 19,2 milljónir króna. Þess má geta að stærstu fjáröflunarleiðir Barnaheilla, Hátíð trjáanna og jólakortasala eiga sér stað í nóvember og desember og voru tekjur frá þeim viðburðum töluvert hærri en reiknað hafði verið með í fjárhagsáætlun. Umframtekjur ársins 2007 verða nýttar í verkefni Barnaheilla á komandi ári.

Tekjur ársins skiptast á eftirfarandi hátt



Gjöld ársins skiptast á eftirfarandi hátt





Styrktaraðilar

Barnaheill byggja allt sitt starf á frjálsum framlögum. Samtökin þakka kærlega þeim fjölmörgu aðilum sem hafa lagt málstað þeirra lið því án þeirra væri starf okkar ekki mögulegt. Hér á eftir er stutt yfirlit yfir helstu styrktaraðila Barnaheilla árið 2007:

Félagsmenn / styrktarfélagar:

Skráðir félagsmenn og styrktarfélagar Barnaheilla voru 11.210 talsins árið 2007. Rúmlega 43% greiddu styrktarframlög sín og var heildarupphæðin um 20,6 milljónir króna.

Evrópusambandið

Safer Internet-áætlun Evrópusambandsins styrkti verkefnið „Stöðvum barnaklám á Netinu“ og netsvar.is Fyrir árið 2007 fengu Barnaheill styrk að upphæð tæpar 7,6 milljónir króna.

Opinberir aðilar

Barnaheill fengu rekstrarstyrk frá Alþingi að upphæð ein milljón króna og 1,2 milljónir króna vegna meðferðarheimilisins Geldingalæks. Utanríkisráðuneytið veitti 3,1 milljón kr. styrk vegna menntaverkefnis samtakanna í Afganistan og fjórar milljón króna í neyðaraðstoð vegna flóða í Suðaustur-Asíu. Einnig veittu dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg

og fleiri sveitarfélög Barnaheillum samtals rúmlega 3,4 milljónum kr. til verkefnisins „Stöðvum barnaklám á Netinu“. Félagsmálaráðuneytið veitti 400.000 kr. vegna verkefnisins „Gegn mismunun á öllum skólastigum“. Samtals um 13,2 milljónir króna.

Nýsköpunarsjóður

Barnaheill fengu 130.000 kr styrk frá Nýsköpunarasjóði vegna úttekta á hvernig fagstéttir séu undir það búnar í námi sínu að vinna að vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Fyrirtæki

Icelandair styrkti Barnaheill með flugferðum á árinu 2007. Þann 1. janúar 2008 tók gildi þriggja ára bakhjarlasamningur Icelandair Group og Barnaheilla. Mun Icelandair Group styrkja samtökin með þremur milljónum króna á ári í þrjú ár. Eru framlögin í formi beinna framlaga, flugferða með Icelandair og Flugfélagi Íslands og þjónustu Icelandair hótela.

Athygli gerðist samstarfsaðili Barnaheilla á árinu 2007 og styrkti samtökin með framlagi að upphæð 500.000 kr. í formi ímyndar- og kynningarmála. Samstarfið heldur áfram árið 2008.

Reykjavíkumaraþon Glitnis var haldið 18. ágúst. Alls söfnuðust 561.500 krónur.



Frú Vigdís Finnbogadóttir verndari Barnaheilla opnaði sýningu hjá Sævari Karli í október á listaverkum fyrir fjáröflunarviðburðinn Hátíð trjáanna.



Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra fékk glæsilegt hálsmen frá Carat í happdrættisvinning á fjáröflunarhádegisverði Barnaheilla.

Áheitin runnu til menntaverkefni Barnaheilla í Norð-ur-Úganda. **Merking og bros bolir** lögðu jafnframt samtökunum lið og lögðu til hvatningarborða og boli við hlaupið sjálft. Barnaheill þakka þeim fjölmörgu hlaupurum sem hlupu til styrktar samtökunum.

IKEA og Barnaheill héldu áframhaldandi samstarfi annað árið í röð með sölu taudýra í verslun sinni fyrir jólin. IKEA styrkti Barnaheill um 100 krónur af hverju seldu taudýri á tímabilinu 15. nóvember til 24. desember. Söfnuðust 457.800 krónur til Barnaheilla.

Menningarsjóður Landsbankans. Barnaheill fengu eina milljón króna í styrk frá Landsbankanum. Einnig nutu samtökin góðs af verkefninu „Skorað fyrir gott málefni“ í fótbolta í Landsbankadeildinni. Karlalið FH valdi að styðja Barnaheill.

Microsoft á Íslandi styrkti Barnaheill með samtals 300.000 krónum.

VÍS styrkti Barnaheill með 300.000 krónum.

Alcan veitti Barnaheillum 100.000 króna styrk vegna Reykjavíkumaraþons Glitnis, en starfsmenn Alcans úr hlaupahópnum Tour de Raf V5 hlupu til stuðnings Barnaheillum.

Fjáröflunarhádegisverður

Þann 7. júní héldu Barnaheill fjáröflunarhádegisverð í Iðnó. Um 40 konur mættu, fengu kynningu á samtökunum og nutu góðra veitinga saman. **Skartgripaverslunin Carat, Hótel Glymur, Blue Lagoon snyrtivörur og Nordica Nudd** styrktu Barnaheill með glæsilegum happdrættisvinningum sem dregið var um við þetta tækifæri.

Skólar

Menntaskólinn á Akureyri stóð að fjáröflunardegi vorið 2007 til styrktar góðgerðamálum að eigin vali. Hópur nemenda ákvað að styðja Barnaheill og efndu til köku-basars og fatasölu til stuðnings verkefna samtakanna. Alls söfnuðust 30.000 krónur.

Jóla kort

Ein stærsta fjáröflun Barnaheilla á árinu er sala jóla-korta. Jóla kort voru send heim til 14.000 einstaklinga á árinu 2007 og keyptu yfir 56% þeirra kortin. Jóla kortin voru einnig seld í verslunum Hagkaupa, Iðu og skrifstofuverslunum A4 og auk þess á skrifstofu Barnaheilla. Salan gekk vonum framar og styrktu fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki samtökin með kaupum á jóla-kortum.

Minningarkort

Barnaheill gefa fólki kost á að styrkja samtökin með kaupum á minningarkortum.



Gestir sýndu listaverkunum mikinn áhuga og vöktu þau verðskuldaða athygli. Hér má sjá listaverk Vignis Jóhannssonar sem ber titilinn: Af sama meiði.



Hátíð trjáanna: Heiðusgestirnir Sir Michael Aaronson, fyrrum framkvæmdastjóri Barnaheilla í Bretlandi og kona hans Andrene Aaronson, virða fyrir sér listaverkin á hátíðinni.

Hátíð trjáanna – list í þágu barna

Barnaheill héldu hátíðar- og fjáröflunarkvöldverðinn Hátíð trjáanna þann 9. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica. Voru boðin upp verk eftir 11 listamenn, þar sem þema verkanna var tré. Gestir kvöldsins voru 200 talsins, bæði fulltrúar fyrirtækja sem og velunnarar Barnaheilla. Uppboðshaldarar voru Alp Mehmet sendiherra Bretlands og Harpa Þórsdóttir listfræðingur. Heiðusgestir voru Sir Michael Aaronson, fyrrum framkvæmdastjóri Barnaheilla í Bretlandi, og kona hans Andrene Aaronson.

Listamennirnir sem tóku þátt voru Alistair Macintyre, Brian Pilkington, Finnbogi Pétursson, Helgi Gíslason, Hulda Hákon, Jónas Bragi, Sigurður Guðmundsson, Steinunn Þórarinsdóttir, Svava Björnsdóttir, Vignir Jóhannsson og Þórdís Alda Sigurðardóttir. Í undirbúningsnefnd voru: Dögg Káradóttir, Elaine Mehmet, Elsa Einarsdóttir, Helga Sverrisdóttir, Inga Sólnes og Ragnhildur Skarphéðinsdóttir auk Petrínu Ásgeirsdóttur og Maríu Skúladóttur frá Barnaheillum.

Hátíð trjáanna tókst vonum framar og var nettóframlag kvöldsins 17 milljónir króna sem runnu til verkefna Barnaheilla innanlands og erlendis. Barnaheill þakka öllum þeim sem gerðu Hátíð trjáanna að veruleika með vinnu sinni, þátttöku og framlögum.

Eftirfarandi fyrirtæki styrktu og tóku þátt í Hátíð trjáanna árið 2007:

Sævar Karl, Icelandair, Hilton Reykjavík Nordica, Glitnir, N1, Kaupþing, Landsbanki, Kjalar, Straumur, Samskip, Gnúpur, FL Group, Landic Property, Frumherji, PR og Blómaval

sævar karl.

GLITNIR

Landsbankinn

N1

KAUPPING
Hugsum lengra

ICELANDAIR
GROUP



Frá vinstri Anh-Dao Tran, Dögg Káradóttir, Ágúst Þór Árnason, Petrína Ásgeirsdóttir, Árni Geir Pálsson, Hildur Petersen og Sigurjón Hjartarson.

Barnaheill 2007-2008

Stjórn

Hildur Petersen formaður
Árni Geir Pálsson varaformaður
Sigurjón Hjartarson gjaldkeri
Anh-Dao Tran meðstjórnandi
Ágúst Þór Árnason meðstjórnandi
Dögg Káradóttir meðstjórnandi
Orri Hlöðversson meðstjórnandi
Inga Eydal varamaður
Hlíf Steingrímsdóttir varamaður
Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir varamaður

Starfsmenn Barnaheilla (mars 2008)

Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri.
Birna Guðlaugsdóttir verkefnastjóri
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri
Margrét Lind Ólafsdóttir verkefnastjóri
Rán Ingvarsdóttir lögfræðingur
Benný Brynjarsdóttir ræstitæknir

Nefndir

Kjörnefnd Barnaheilla
Hildur Petersen
Guðbjörg Björnsdóttir
Óðinn Helgi Jónsson

Varamenn

Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir
Pálmi Finnbogason
Laganefnd Barnaheilla
Hildur Petersen
Dögg Pálsdóttir
Óðinn Helgi Jónsson
Varamenn
Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir
Margrét Sigurðardóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Áslaug Brynjólfsdóttir
Steingerður Steinarsdóttir
Varamenn
Halla Þorbjörnsdóttir
Þórður Þorkelsson

Löggiltur endurskoðandi:


Deloitte - Jón Rafnar Þórðarson

Verndari Barnaheilla er frú Vigdís Finnbogadóttir.



Pakkir

A4	Gutenberg	N1
Alcan	Hagkaup	Nemundur MA
Alistair Macintyre	Halldór Jóhannsson	Nordica Spa
Alp og Elaine Mehmet	Hallbjörn Karlsson	Norræna húsið
Anna Ingibjörg Helgadóttir	Harpa Þórsdóttir	Ólafur H. Johnson
Arev	Helga Sverrisdóttir	Ólöf Ásta Farestveit
Arnaldur Halldórsson	Helgi Gíslason	Páll Ólafsson
Askar Capital	Hildur Einarsdóttir	PR (þje err)
Athygli	Hilton Reykjavík Nordica	Ragnhildur Skarphéðinsdóttir
Árni Hauksson	Hótel Glymur	Reykjavíkurborg
Bjarni Ármannsson	Hulda Hákon	Samskip
Blómaval	Húsgagnahöllin	Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Blue Lagoon snyrtivörur	Icelandair	Sigurður Guðmundsson
Bragi Guðbrandsson	Icelandair Cargo	Sindri Sindrason
Brian Pilkington	Iðnó	Skartgripaverslunin Carat
Bros bolir	IKEA	Sparisjóðurinn
Deloitte	Inga Lind Karlsdóttir	SPRON
Egill Ágústsson	Inga Sólnes	Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Dögg Pálsdóttir	Ingibjörg Rafnar	Steinunn Þórarinsdóttir
Elísabet Waage	Ingvar Ágúst Ingvarsson	Straumur
Elizabeth Skogrand	Íslandspóstur	Strá MRI
Elsa Einarsdóttir	Jónas Bragi Jónasson	Svava Björnsdóttir
Erla Þrándardóttir	JPV útgáfan	Svefn og Heilsa
Ethel Quayle	Kaupþing	Sævar Karl (verslun)
Evrópusambandið - Safer Inter- net áætlunin	Kjalar	Terry Jones
Félagsmálaráðuneytið	Kópavogsbær	Toyota
Félagsmenn og styrktarfélagar Barnaheilla	Kristbjörg Sigurðardóttir	Tónlistaskólinn Do Re Mí
FH meistaraflokkur karla	Landic Property	Tryggingamiðstöðin
Finnbogi Pétursson	Landsbankinn	Ungmennaráð Hafnarfjarðar
FL Group	Laufey Sigurðardóttir	Utánríkisráðuneytið
Frumherji	Lionsklúbburinn Njörður	Vernon Jones
Frú Vigdís Finnbogadóttir	Lína G. Atladóttir	Verslunin Iða
Gestamóttakan - Your host in Ice- land	Lóa Skarphéðinsdóttir	Vesturhöfn
Gísli Einarsson	Michael og Andrene Aaronson	Vignir Jóhannsson
Glitnir	Magnea Þuríður Ingvarsdóttir	VÍS
Gnúpur	Magnús Kristinsson	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Guðmundur Benediktsson	Matthías Ásgeirsson	Þorsteinn J. Vilhjálmsson
	Merking	Þóra Guðmundsdóttir
	Microsoft á Íslandi	Þórdís Alda Sigurðardóttir
	Nína Björg Ragnarsdóttir	



Alþjóðasamtökin Save the Children Alliance
starfa í yfir 120 löndum víðs vegar um heim

– sjá bleiku svæðin á kortinu



Barnaheill
Save the Children Iceland

Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík - Sími 553 5900 - Fax 553 5960
barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is



Útgefandi: Barnaheill, júní 2008.
Ábyrgðarmaður: Petrína Ásgeirsdóttir
Forsíða: Daði Már Jóhannsson. Ljósmynd: Jóhann Pétur Reynald
Prentun: Hjá Guðjón Ó
66° norður styrkir útgáfu Barnaheilla



Athygli ehf. er bakhjarl Barnaheilla